

TÖL101G - Tölvunarfræði 1

Vikublað 1

1 Piazza

Allar tilkynningar og ýmsar umræður er að finna á Piazza vef námskeiðsins.

2 Markmið þessarar viku

Að þessari viku lokinni er ætlast til

- að þið hafið sett up JDK og einhvern ritil á þeirri tölvu sem þið munuð nota. Sjá heimasíðu námskeiðs fyrir lista af ritlum og leiðbeiningar við uppsetningu.
- að þið getið þýtt og keyrt Java forrit eins og t.d. `HelloWorld.java` úr bókinni.
- þekkið gagnatög í Java og frumaðgerðir á þeim.

3 Um verkefnaskil

Verkefnum skal skila í hólf til dæmakennara ykkar dæmahóps , nema hann taki annað fram. Dæmatímakennara fyrir hvern hóp er að finna á heimasíðu námskeiðsins. Allir kennarar eru með hólf (eða kassa) í andyri VR-II. Þeir sem eru í dæmahópi d3 skila í hólf 15 í Tæknigarði (Páll Melsted).

4 Cloudcoder

Sumum æfingum á að skila á Cloudcoder og ekki þarf að skila þeim til dæmatímakennara á pappír (nema að það sé sérstaklega tekið fram). Athugið að gott er að leysa dæmin fyrst á tölvunni ykkar og tryggja að lausnin þýðist og sé nokkuð rétt áður en hún er send inn. Athugið að Cloudcoder er miskunnarlaus í yfirferð og ekki er hægt að skila lausnum öðruvísi. Lesið því leiðbeiningarnar vel og vandlega.

5 Heimadæmi

Skilafrestur er til þriðjudagsins 3. september kl. 12:00. Cloudcoder skilafrestur er til 23:59 sama dags.

Cloudcoder æfingar

Eftirfarandi æfingar eru inni á cloudcoder: **1.2.15, 1.2.28**

Æfingar

Gerið dæmi **1.2.10, 1.2.11** og útskýrið niðurstöðurnar, hér þarf ekki að skila forritskóða með lausn.

Verkefni

Dæmi **1.2.34** skilið forritskóða og rökstyðjið lausn ykkar á dæminu.

Vísbending: prófið forritið ykkar á inntakinu

1 2 3

og öllum 6 mögulegum umröðunum til að athuga hvort einhverjar villur leynist í lausninni ykkar.